

## Boðskapur heimsóknarkennara, desember 2009

### Næra með samúðarfullri þjónustu

Kennið þessar ritningargreinar og tilvitnanir í bænaranda eða aðrar reglur, ef þörf er á því, sem verða systrunum sem þið heimsækið til blessunar. Berið vitni um kenninguna. Þjóðið þeim sem þið heimsækið að segja frá því hvað þeim finnst og hvað þær hafi lært.

Hvernig get ég þroskað með mér og orðið samúðarfullri?

Moró 7:48 „Biðjið þess vegna til föðurins, ... af öllum hjartans mætti, að þér megið fyllast þessari elsku, sem hann hefur gefið öllum sönnum fylgjendum sonar síns, Jesú Krists.“

Dieter F. Uchtdorf forseti, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu: „Lærisveinar Krists á öllum öldum heimsins hafa einkennst af samúð sinni. ... Að lokum getur fjöldi þeirra bæna sem við flytjum stuðlað að hamingju okkar, en fjöldi þeirra bæna sem við svörum er enn mikilvægari. Ljúkum upp augum okkar og sjáum hin döpru hjörtu, tökum eftir einmanaleikanum og örvæntingu; finnum hinar hljóðu bænir þeirra sem með okkur eru, og verðum verkfæri í höndum Drottins sem svar við þeim bænum“ („Hamingja, þín arfleifð“, 178. Aðalráðstefna, haust 2008, bls. 131).

Barbara Thompson, annar ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins: Við fáum hjálp við það. Spámaðurinn Joseph Smith sagði: „Englar munu ekki fá haldið að sér höndum ykkur til aðstoðar, ef þið lifið samkvæmt forréttindum þessum.“

Við skulum bera hver annarar byrðar, syrgja með syrgjendum, og hugga þá sem þarnast huggunar, og halda þannig sáttmálana sem við höfum gert [sjá Mósía 18:8-10]“ („Nú fagna vér skulum“, 178. Aðalráðstefna, haust 2008, bls. 128).

Hvernig getum við nært með samúðarfullri þjónustu?

K&S 81:5: „Styð þá óstyrku, lyft máttvana örmum og styrk veikbyggð kné.“

Öldungur Russell M. Nelson, í Tólfpostulasveitinni: „Hinn góði hirðir sagði: ‚Gæt þú lamba minna.‘ (Jóh 21:15.) Kona fæðir sína elskuðu, sér þeim fyrir stuðningi og nærir líkt og frelsarinn myndi gera. Himnesk gjöf hennar er að næra, hjálpa þeim ungu, annast hina fátæku og hugga hina sorgmæddu.

Drottinn sagði: „Þetta er verk mitt og dýrð mín – að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika.“ (Móse 1:39.) Svo hin holla dóttir, og sem lærisveinn hans, mun segja af einlægni: „Verk mitt og dýrð mín er að hjálpa mínum elskuðu að ná því himneska markmiði.“

Hluti af hinni guðdómlegri köllun konu, er að hjálpa öðrum að komast að himneska möguleika sínum. Sem móðir, kennari, eða sem hinn nærandi heilagi, mótar hún lifandi leir eftir von sinni. Hið guðdómlega verk hennar, í samvinnu með Guði, er að hjálpa öndum að lifa og upplyfta sálum. Þetta er mælir sköpun hennar. Verk hennar er göfugt, uppbyggjandi og uppheljandi“ (“Woman–Of Infinite Worth,” Ensign, nóv. 1989, 22).

Silvia H. Allred fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins: „Drottinn hefur blessað konur með guðlegum eiginleikum elsku, samúðar, ljúfmennsku og kærleika. Mánaðarlegar heimsóknir okkar sem heimsóknarkennarar gera okkur kleift að blessa sérhverja systur, er við sýnum þeim elsku og góðvild og gefum þeim gjöf samúðar og kærleika. ... Ég bið þess að við megum einsetja okkur enn frekar að sýna elsku og samúð, að blessa, aðstoða og styrkja hver aðra, er við framfylgjum heimsóknarkennslu okkar af fúsu og glöðu hjarta“ („Gæt sauða minna,“ 177. Aðalráðstefna, haust 2007, bls. 125).

© 2009 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed in Germany. Samþykkt á ensku: 6/08. Þýðing samþykkt 6/08. Þýðing á December 2009 Visiting Teaching Message Icelandic. 04152\_190